

6. gr.

Efni, efnablöndur, varningur og tæki sem reglugerðin nær til flokkast sem spilliefni. Þegar notkun þeirra er hætt skulu þau flutt til móttökustöðva, sem hafa fengið starfsleyfi til að taka á móti slíkum úrgangi, sbr. ákvæði gildandi mengunarvarnareglugerðar.

7. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni nema að þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni og 3. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og að höfðu samráði við félagsmálaráðuneytið hvað snertir afskipti Vinnueftirlits ríkisins.

Einnig var höfð hliðsjón af þeim ákvæðum sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í II. viðauka, XV. kafla, 4. tl., tilskipun 76/769/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna ásamt breytingum í tilskipunum 85/467/EBE, 89/677 og 91/339/EBE. Jafnframt er tekið mið af ákvæðum sammingsins í XX. viðauka, V. kafla, 26. tl., tilskipun 75/439/EBE um förgun olíuúrgangs ásamt breytingum í tilskipun 87/101/EBE.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 489/1988 um innflutning, notkun og förgun PCB efna.

Umhverfissráðuneytinu, 25. janúar 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Hornafirði 1996.

1. gr.

Hornafjarðarbæ er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) fyrir árið 1996.

2. gr.

Gjaldið skal lagt á hvert sorpílát sem tilheyrir íbúð eða fyrirtæki í bæjarfélaginu og innheimt með fasteignagjöldum.

3. gr.

Heimilt er að fella niður sorphreinsigjald hjá þeim aðilum sem sjálfir annast alla hreinsun sorpsins. Innheimta skal sorpeyðingargjald sem miðast við áætlaðan fjölda sorpíláta að mati bæjarráðs Hornafjarðar.

4. gr.

Gjald fyrir árið 1996 er sem hér greinir:

Sorphreinsigjald	kr. 5.300
Sorpeyðingargjald	kr. 2.200
Samtals sorphirðugjald	kr. 7.500.

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Hornafjarðar, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að gilda árið 1996.

Umhverfissráðuneytinu, 29. janúar 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Akureyrar.

Almennir taxtar.

A1	Almenn notkun:	
	Orkugjald kr/kWh	5,48
	Fast gjald kr/ár.....	2.443,00
A2	Víkjandi orka:	
	Orkugjald kr/kWh	3,93
	Fast gjald kr/ár.....	10.607,00
A3	Mannvirkjagerð:	
	Orkugjald kr/kWh	5,48
	Fast gjald kr/ár.....	10.744,00

Aftaxtar.

B1	Afl- og orkumæling:	
	Orkugjald kr/kWh vetur	3,19
	Orkugjald kr/kWh sumar.....	1,59
	Aflgjald kr/kWh/ár.....	6.939,00
	Fast gjald kr/ár.....	49.697,00
B2	Afl- og orkumæling 11 kV:	
	Orkugjald kr/kWh vetur	2,95
	Orkugjald kr/kWh sumar.....	1,47
	Aflgjald kr/kWh/ár.....	6.465,00
	Fast gjald kr/ár.....	49.697,00
B3	Aflmæling, útilýsing:	
	Útilýsing rofin, viðhaldsgjald kr/kWh/ár	20.400,00
	Útilýsing rofin, aflgjald kr/kWh/ár	19.800,00
	Útilýsing órofin, aflgjald kr/kWh/ár	31.100,00
B4	Hemill:	
	Aflgjald kr/A/ár	1.535,00
B5	Mælaleiga 1-fasa mælir	700,00
B6	Mælaleiga 3-fasa mælir	1.400,00